



Námsáætlun

ÍSLE2es05 miðönn 2020-2021

Kennarar: Aðalheiður, Ásdís, Kári, Ingibjörg og Sif.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tegundum bókmenntatexta.
- stefnum í íslenskum bókmenntum að fornu.
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu.
- ritgerðasmíð og heimildavinnu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa ýmsar gerðir ritaðs máls sér til gagns og gamans.
- skilja lykilhugtök og túlka texta á margvíslegan hátt greina mismunandi sjónarmið.
- skrifa og ganga frá heimildaritgerð.
- flytja af öryggi ræður, endursagnir, lýsingar og kynningar á tilteknum málum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita málinu á árangursríkan og viðeigandi hátt í ræðu og riti sem er metið með verkefnum og prófum.
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn.

Kennslugögn:

Brennu-Njáls saga (skólaútg.). MM.

Eddukvæði (skólaútg.). MM.

Íslenskar bókmenntir til 1550 e. Baldur Jónsson, Indriða Gíslason og Ingólf Pálmason.

Vika	Yfirferð	Próf / verkefni	
1. 16.-20. nóv.	Kynning á áfanga. <i>Brennu-Njáls saga</i> . Fyrri hluti sögunnar.	Tímaverkefni úr <i>Njálu</i> , kaflar 1-20 (5%).	
2. 23.-27. nóv.	<i>Brennu-Njáls saga</i> . Fyrri hluti sögunnar.	Tímaverkefni úr <i>Njálu</i> , kaflar 21-43 (5%) og kaflar 44-64 (5%).	Úrsagnareindagi: 27. nóvember.



3. 30. nóv-4. des.	<i>Brennu-Njáls saga</i> . Ljúkum við fyrri hluta sögunnar.	Tímaverkefni úr Njálu, kaflar 65-81 (5%). Próf úr fyrri hluta Njálu (15%).* Skilaverkefni (5%).	
4. 7.-11. des.	<i>Brennu-Njáls saga</i> . Hafin yfirferð seinni hluta sögunnar. Vinna við lokaverkefni úr Njálu hefst.	Skilaverkefni (5%).	
5. 14.-18. des.	<i>Brennu-Njáls saga</i> . Seinni hluti sögunnar.	Verkefnavinna og skil (15%).	Námsmatsdagur 17. og 18. desember. Sjúkrapróf (ef við á). Miðannarmat.
Jólafrí			
6. 4.-8. jan.	Bókmenntasaga bls. 9-26. <i>Snorra-Edda</i> : Upprifjun á Gylfaginningu í tengslum við Völuspá.	Verkefnavinna.	
7. 11.-15. jan	Bókmenntasaga – Goðakvæði. Völuspá og Hávamál.	Skilaverkefni (5%).	
8. 18.-22. jan	Bókmenntasaga – bragarhættir, hetjukvæði og Skáldskaparmál Snorra-Eddu (k. 46-51). Dróttkvæði (bls. 27-36).	Skilaverkefni (5%).	Námsmatsdagur 20. janúar. Sjúkrapróf (ef við á).
9. 25.-28. jan.	Ljúkum við fornu kvæðin.	Próf/verkefni úr fornum kvæðum (15%).*	Imbra 27.-28. janúar. Frí 29. janúar.
10. 1.-5. feb	Sagnritunar- og miðöld í bókmenntasögu, bls. 38-110	Verkefnavinna.	
11. 8.-11. feb.	Sagnritunar- og miðöld í bókmenntasögu, bls. 38-110.	Próf úr bókmenntasögu (15%).*	

Lokapróf 12. og 15. febrúar, sjúkrapróf 16. febrúar.

Áskilinn er réttur til breytinga á kennsluáætlun ef þurfa þykir.

Námsmat:

*Próf/verkefni í fornum kvæðum	15%
*Próf úr bókmenntasögu	15%
Skilaverkefni	20%
*Próf úr fyrri hluta Njálu	15%
Fjögur tímaverkefni úr Njálu (<i>þrjú hæstu gilda</i>)	15%
Verkefni úr seinni hluta Njálu	15%
Ástundun	5%

*Nemendur þurfa að fá 4,5 að meðaltali í þessum liðum til að standast áfangann.



Sjúkrapróf og námsmatsdagar: Á önninni er boðið upp á sjúkrapróf og er reglan sú að það fer fram næsta námsmatsdag eftir annarpróf.

Verkefnum skal skila á tilgreindum skiladögum. Fylgist vel með **tilkynningum** á Innu.

Áfanginn er lokaprófslaus. **Til þess að nemandi standist áfangann þarf hann að ná tilskilinni lágmarkseinkunn, 5.0.** Munið að góð ástundun skiptir máli frá upphafi annar.

Með góðri ósk um öfluga samvinnu og góðan árangur,

Aðalheiður, Ásdís, Kári, Ingibjörg og Sif